

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

8. desember 2014

**EFNI:** Athugasemdir við þingsályktunartillögu um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, 321. mál á 144. löggjafarþingi 2014-2015, þingskjal 392.

Stjórn Landvernd hefur kynnt sér þingsályktunartillögu um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína og gerir hér alvarlegar athugasemdir við málið. Stjórn Landverndar leggur til að fallið verði frá tillögunni í núverandi mynd, enda nær hún ekki þeim markmiðum sem sett voru fram í fyrri þingsályktunartillögu (nr. 4/140) frá 1. febrúar 2012 sem lagði upp með að stefna skyldi að því að leggja sem mest af raflínum í jörð í framtíðinni. Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum máls. Umsögnin er einnig send umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis og er ætlast til þess að hún taki einnig afstöðu til málsins vegna mikilvægis þess fyrir umhverfismál.

#### **SAMANTEKT**

Landvernd gerir alvarlegar athugasemdir við þingsályktunartillögu um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína og leggur til að fallið verði frá henni í núverandi mynd. Í aðdraganda tillögunnar skipaði atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra nefnd fjölmargra hagsmunaaðila (jarðstrengjanefndina) sem skilaði tillögum til ráðherra um stefnu stjórnvalda í þessum málaflokk.

Samstaða náðist í jarðstrengjanefnd um nokkur mikilvæg atriði sem hafa að hluta til verið útvötnuð í þessari þingsályktunartillögu. Þar ber að nefnda að viðmið um hvar skuli kanna að leggja jarðstrengi þrátt fyrir meiri kostnað en við lagningu loftlínu ná ekki til allra þeirra gerða náttúruverndarsvæða sem jarðstrengjanefndin lagði til, t.d. ekki til fólkvanga, svæða á náttúruminjaskrá sem ekki eru þjóðgarðar eða friðlönd og svæða sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Þá ná viðmiðin hvorki til svæða sem njóta hverfisverndar né til víðerna. Viðmiðin gera ekki ráð fyrir að jarðstrengir séu teknir til skoðunar þar sem veðurálag er mikið, t.d. vegna snjóalaga, seltu og ísingar. Landvernd leggur áherslu á að umhverfisáhrif raflína séu metin bæði fyrir jarðstrengi og loftlínur, óháð kostnaðarmuni þeirra. Með þeim hætti má takmarka frekar umhverfisáhrif raflína.

Landvernd mótmælir harðlega að kostnaðarþak sé sett á um hvenær megi líta til jarðstrengja sem lausnar við flutning raforku. Ekkert segir um slíkt í skýrslu jarðstrengjanefndar. Kostnaðarþak er ónæmt fyrir umhverfisáhrifum og dregur úr umhverfisvernd í landinu. Auk þess er kostnaðarmat unnið af flutningsfyrirtækinu sjálfu og ekki gert ráð fyrir neinu eftirliti varðandi það. Kostnaðarþak er sett við 1,5 sem takmarkar verulega möguleika til jarðstrengjalagnar á 220kV spennu miðað við útreikninga sem þekktir eru frá Landsneti. Þá ber þingsályktunartillagan merki þess að draga taum loftlína á kostnað jarðstrengja, sem verður að teljast ótrúlegt af ráðuneytinu að senda frá sér.

Landvernd leggur til að jarðstrengir verði meginregla í öllum flutningskerfum hérlendis, ekki eingöngu á lágum spennustigum og að umhverfisáhrif raflína ráði meiru um hvort að jarðstrengir eða loftlínur verði lagðar.

## ATHUGASEMDIR VIÐ DRÖG AÐ TILLÖGU TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM STEFNU STJÓRNVALDA UM LAGNINGU RAFLÍNA

Stjórn Landverndar gerir alvarlegar athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Mikil frávik eru frá sameiginlegu nefndaráliti jarðstrengjanefndar atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, sem fulltrúar margra hagsmunaaðila áttu sæti í. Þetta á ekki síst við þegar kemur að náttúruvernd og kostnaði við jarðstrengi.

### A. ÞINGSÁLYKTUNARTILLAGAN GENGUR GEGN MARKMIÐUM FYRRI ÞSL, NR. 4/140.

1. Landvernd gerir athugasemd við það að sú þingsályktunartillaga sem hér er lögð fram gengur í raun í þveröfuga átt við það sem lagt var upp með í þingsályktun nr. 4/140 sem samþykkt var á Alþingi 1. febrúar 2012. Sú þingsályktun kvað á um skipun nefndar er ætti að móta stefnu um lagningu raflína í jörð (síðar nefnd jarðstrengjanefnd) og þau sjónarmið sem taka bæri mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Á þingskjali 567 á 140. löggjafarþingi áréttu flutningsmenn þessarar tillögu mikilvægi þess að hugað sé að skýrri stefnumótun stjórnvalda í þessum efnum og að „*fyrir liggja greining á forsendum þess til framtíðar að leggja sem mest af raflinum í jörð*“<sup>1</sup>. Það var því skýr vilji til þess að leggja sem mest af línunum í jörð. Sú tillaga að stefnu stjórnvalda sem lögð er fram í máli 321 nær útilokar að 220kV raflínur verði lagðar í jörð á næstu 20 árum. Þetta er ekki ásættanlegt að mati Landverndar og verður nánar útskýrt hér að neðan.
2. Landvernd gerir athugasemd við það að þingsályktunartillagan fylgir ekki niðurstöðu jarðstrengjanefndar sem var sammála um ákveðin mikilvæg atriði. Tillagan gengur því gegn þeirri sátt sem þar myndaðist.

### B. JARÐSTRENGIR VERÐI MEGINREGLA Í ÖLLUM KERFUM

3. Gerð er athugasemd við meginreglur í köflum 1.1-1.3, en ef þingsályktunin á að byggja á niðurstöðum jarðstrengjanefndar og áliti atvinnuveganefndar, þá skýtur skökku við að þingsályktunin fjalli um lágspennt dreifikerfi og landshlutakerfi raforku, sem hvorug þessara nefnda vék að. Þess utan er landshlutakerfi nýtt hugtak sem þyrfti að skýra sérstaklega.
4. Landvernd tekur undir að jarðstrengir séu meginreglan í lágspenntu dreifikerfi og landshlutakerfi raforku, enda hefur það verið svo án þess að koma hafi þurft til afskipta hins opinbera.

---

<sup>1</sup> <http://www.althingi.is/altext/140/s/0567.html>.

5. Í kafla 1.3 um meginflutningskerfi raforku er hins vegar gert ráð fyrir að meginreglan skuli vera sú að notast við loftlínur nema annað sé talið hagkvæmara eða æskilegra, m.a. út frá tæknilegum atriðum eða umhverfis- eða öryggissjónarmiðum. Þessu mótmælir stjórn Landverndar. Nær allar raflínur í meginflutningskerfinu eru á 132kV og 220kV. Jarðstrengir eru almennt orðnir samkeppnishæfir við loftlínur á þessum spennum, hvort sem horft er til tæknilegra eða kostnaðarlegra<sup>2</sup> þátta, og umhverfisáhrif loftlína, ekki síst sjónræn áhrif og vegagerð, valda miklum neikvæðum umhverfisáhrifum. Í ljósi þessa telur Landvernd að meginreglan í meginflutningskerfinu eigi að vera að setja raflínur í jörð en undantekningar verði leyfðar þar ef mat á umhverfisáhrifum leiðir í ljós að loftlína hafi minni umhverfisáhrif.

### C. VIÐMIÐ VERÐA AÐ NÁ TIL ALLRA NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐA, VÍÐERNA OG ÞAR SEM VEÐURÁLAG ER MIKIÐ

6. Landvernd gerir einnig athugasemdir við þau viðmið sem tilgreind eru í kafla 1.3. Hér er freklega gengið gegn niðurstöðu jarðstrengjanefndar og nefndaráliti atvinnuveganefndar. Þó var þetta sú niðurstaða jarðstrengjanefndar sem erfiðast var að ná niðurstöðu um og þar sem mestar málamiðlanir þurfti að gera. Er lagt til hér að niðurstöður jarðstrengjanefndar verði teknar beint upp í stað þeirra viðmiða sem hér hafa verið lögð til. Sem dæmi má nefna að búið er að taka út fjölmörg náttúruverndarsvæði sem viðmið. Þannig eru fólkvangar, svæði á náttúruminjaskrá sem ekki eru þjóðgarðar eða friðlönd og svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum ekki höfð sem viðmið í þingsályktunardrögum, en hvoru tveggja var inni í tillögum jarðstrengjanefndar, en þar segir: „á náttúruverndarsvæðum og svæðum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum“. Þetta er óásættanlegt að mati Landverndar.
7. Þá gerir Landvernd athugasemd við það að ráðuneytið leggur til að taka út úr sameiginlegri niðurstöðu jarðstrengjanefndar það viðmið að jarðstrengi skuli taka til skoðunar: „á svæðum þar sem veðurálag, ísingar og snjóalög eru mikil og jarðstrengur gæti aukið afhendingaröryggi“. Ekki verður skilið hvers vegna þetta atriði er klippt út og gerir Landvernd að tillögu sinni að þetta fari aftur inn sem viðmið.
8. Landvernd telur jafnframt að það vanti inn í viðmið í þingsályktunardrögum að ef um ósnortin víðerni er að ræða, sbr. skilgreining 6. málslíðar, 1. mgr., 3. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, þá ætti jarðstrengur að koma til greina til jafns á við loftlínu. Þetta er í fullu samræmi við mikilvægi verndar víðerna, eins og sérstaklega er stefnt að í stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun. Þetta er einnig í samræmi við stefnu Svisslendinga sbr. umfjöllun í greinargerð með þingsályktunartillögu.
9. Landvernd telur að hverfisvernd sveitarfélaga sé ekki gert nægilega hátt undir höfði í þingsályktunartillögunni, en eðlilegt væri að hverfisvernduð svæði heyrðu einnig undir viðmiðin í kafla 1.3.

---

<sup>2</sup> Sjá t.d.: Metsco Energy Solutions 2013. *Comparison of Underground and Overhead Transmission Options in Iceland (132 and 220kV)*.

## D. UMHVERFISMETA ÞARF UMHVERFISÁHRIF JARÐSTRENGJA OG LOFTLÍNA Á ÖLLUM LÍNULEIÐUM Í MEGINFLUTNINGSKERFINU

10. Landvernd telur að ganga eigi lengra en gert er í kafla 1.3 og hreinlega meta umhverfisáhrif hvoru tveggja, jarðstrengja og loftlína, á öllum línuleiðum í meginflutningskerfinu. Jafnframt þarf að skoða kerfisútfærslur (jarðstrengir/loftlína/sæstrengur) í valkostagreiningu með aðkomu almennings á fyrstu stigum undirbúnings hvernar framkvæmdar fyrir sig. Þetta er gríðarlega mikilvægt að mati Landverndar sem jafnframt telur að ef þetta verði ekki gert, sé mikil hættu á því að deilur um lagningu raflína á Íslandi munu magnast frekar en hitt, sem stíðir gegn markmiðum þingsályktunartillögunnar. Það verður að hleypa almenningi, samtökum þeirra og sveitarfélögum fyrr að ákvarðanatökunni og það verður að hlusta á óskir þeirra. Þessu markmiði er ekki náð með þingsályktunartillögunni og ekki heldur með frumvarpi að breytingum á raforkulögum, mál 305 á yfirstandandi þingi, sem Landvernd hefur áður sent inn umsögn sína um.
11. Gerð er athugasemd við að í þeim tilvikum sem uppfylla viðmið í kafla 1.3 skuli eiga að meta hve langan jarðstreng sé tæknilega mögulegt að vera með á viðkomandi stað í meginflutningskerfinu. Mjög óljóst er hvað átt er við hér en orðalagið bendir til þess að hér eigi að setja sem flesta varnagla við það að leggja jarðstrengi yfirhöfuð.

## E. AFNEMA BER KOSTNAÐARÞAK OG SKÝRA BETUR HVAÐ FELST Í KOSTNAÐARMUNINUM 1,5

12. Í niðurstöðum jarðstrengjanefndar var ekki rætt um að hafa kostnaðarþak eins og gert er ráð fyrir í tillögum atvinnuvegaráðherra og í áliti atvinnuveganefndar. Með tillögunni er gert ráð fyrir að jarðstrengir í ofangreindum viðmiðunum megi ekki kosta meira en 1,5 sinnum það sem loftlína kostar, og þá því aðeins ef talið er tæknilega mögulegt að leggja jarðstreng. Í drögum ráðuneytisins að stefnunni sem kynnt voru á haustdögum var miðað við tvöfalt kostnaðarþak (2 sinnum). Landvernd mótmælir því harðlega að hafa kostnaðarþak yfir höfuð og einnig að það hafi verið lækkað frá því í drögunum úr 2 í 1,5. Slíkt dregur úr hvata og líkum á því að jarðstrengir á háum spennustigum verði yfirhöfuð lagðir á Íslandi á komandi árum. Landvernd gerir alvarlegar athugasemdir við þessa útvötnun á niðurstöðum jarðstrengjanefndar, en þar segir m.a.: „*Kostnaðarmunur skal í þessum tilvikum [tilvísun í viðmið] ekki útiloka jarðstengslögn ef hún reynist betri kostur út frá umhverfis- og öryggissjónarmiðum*“. Kostnaðarþak er til þess gert að auka líkur á því að engar línur verði í raun settar í jörðu í meginflutningskerfinu.
13. Samkvæmt þingsályktunartillögunni á reglan um hámarkskostnaðarmun ekki að gilda: „*þegar um er að ræða skilgreint þéttbýli eða friðland sem verndað er sökum sérstaks landslags eða að teknu tilliti til flugöryggis, sbr. 1.–3. tölul.*“ Hér eru töluliðir 4-5 ekki taldir upp. Það þýðir m.a. að þjóðgarðar eru ekki einu sinni undanskildir hámarkskostnaðarmuni. Ekki er gott að gera sér grein fyrir því hverra hagsmuna ráðuneytið er að gæta hér, en það virðast ekki vera almannahagsmunir og mikilvægt að atvinnuveganefnd bæti hér úr.

14. Landvernd gerir alvarlegar athugasemdir við að ekki er þess einu sinni getið hver eigi að meta „*hve langan jarðstreng er tæknilega mögulegt að leggja...*“, hver hafi eftirlit og aðkomu að því að meta það, hver hafi eftirlit með mati á kostnaðarmuni, hver aðkoma almennings og sveitarfélaga er að þessum málum o.s.frv.
15. Þá er óljóst af tillögnum hvað átt er við með kostnaðarþaki upp á 1,5. Er átt við að hver bútur sem lagður er af t.d. 200km langri línu megi ekki kosta meira (miðað við líftímakostnað) en 1,5 sinnum verð loftlínu á sama búti EÐA er átt við að heildarkostnaður línunnar allrar megi ekki verða meira en 1,5 sinnum hærri ef jarðstrengsbútar (e.t.v. fleiri en einn) eru lagðir sem hluti af framkvæmdinni miðað við að öll línan væri lögð sem loftlína? Ljóst er að þetta verður að skýra nánar. Að mati Landverndar væri seinni tilhögunin ásættanlegri, en fyrri skoðun samtakanna um að ekkert kostnaðarþak skuli vera stendur óhöguð.

#### **F. TEKID UNDIR ÝMIS ATRIÐI SEM VARÐA NÁTTÚRUVERNÐ**

16. Landvernd tekur vissulega undir þau önnur atriði sem til hliðsjónar skal hafa og snúa að aukinni umhverfis- og náttúruvernd, ekki síst hvað varðar 37. gr. náttúruverndarlaga og að jarðstrengi skuli leggja meðfram vegum. Þó er bent á að í niðurstöðu jarðstrengjanefndar heyrði 37. gr. náttúruverndarlaganna undir viðmiðin og álitur Landvernd að sú niðurstaða hagsmunaaðila eigi að standa. Þá er einnig bent á að hvergi er minnst á hagsmuni ferðaþjónustunnar í þessari upptalningu, en það vekur nokkra undrun í ljósi mikilvægis þess atvinnuvegar í landinu.
17. Landvernd tekur undir að afnema það misræmi sem er á vörugjöldum af jarðstrengjum og loftlínunum.

#### **G. MARKMIÐ UM ENGA JARÐSTRENGI Á 220kV ÁRIÐ 2035?**

18. Samkvæmt þingsályktunartillögnum eru sett fram markmið um að árið 2035 verði samanlagt heildarhlutfall jarðstrengja í landshluta- og meginflutningskerfi raforku á 11kV spennustigi eða hærra orðið a.m.k. 80% af lengd raflína (50% árið 2020, 65% árið 2025). Það má e.t.v. segja að þetta sé sæmilega metnaðarfullt við fyrstu sýn. Ef hinsvegar er rýnt í tölurnar kemur í ljós að í raun þarf ekki að setja neinar 220 kV línur í jörð á næstu 20 árum til að ná fram markmiðum árið 2035. Í greinargerð í kafla 2.4. kemur fram að heildarlengd landshluta- og meginflutningskerfisins er 14.483 km. Lengd raflína í landshlutakerfinu á 1-132kV spennu, miðað við núverandi kerfi, er um 12.400 km. Ef aðeins allt það færi í jörðu fram til 2035, þá næmi það 86% af heildarlengd landshluta- og meginflutningskerfisins miðað við stöðuna í dag (12.400/14.483). Þar með má gera ráð fyrir að markmið um 80% í báðum þessum kerfum saman gæti auðveldlega náðst án þess að einn einasti metri af 220 kV línu þyrfti að fara í jörð. Hér er því leikur að tölum notaður til að láta markmið árið 2035 líta vel út, en auðvitað verður að gera kröfu til þess að ef á annað borð eru sett markmið þá verði það gert fyrir hvert kerfi fyrir sig að teknu tilliti til spennustigs.

## H. SAMANBURÐUR JARÐSTRENGJA OG LOFTLÍNA STENST EKKI SKOÐUN

19. Í kafla 2 í greinargerð með drögum hafa sumar rangfærslur um jarðstrengi og samanburð umhverfisáhrifa þeirra og loftlína verið færðar til betri vegar frá því sem var í drögum. Enn er samt talað um loftlínur sem afturkræfar framkvæmdir. Þetta er í raun með ólíkindum, því óafturkræft jarðrask verður af lagningu loftlína, t.d. vegagerð milli mastra og að möstrum (allt að 7,5m breiðir línuvegir), mastraplön (um 150m<sup>2</sup>) og stagfestingar sem valda oft óafturkræfu jarðraski, m.a. í hraunum. Þá er hér bent á það að ekki er alltaf nauðsynlegt að leggja vegi meðfram jarðstrengjum, a.m.k. ekki erlendis, því þeir eru einfaldlega settir í vegkanta eða tæknilegar útfærslur notaðar til að forðast vegagerð meðfram þeim.
20. Þá er í kafla 2.3.3. ósanngjarn samanburður á tæknilegum annmörkum jarðstrengja á hárrí spennu, en ekkert rætt um þá annmarka sem felast í t.d. varnarleysi loftlína gegn áhrifum seltu, ísingar og fárviðra. Að mati Landverndar er það á meðal tæknilegra annmarka loftlína. Þá er klifað á löngum viðgerðartíma jarðstrengja án þess að nefna að þeir bili mun sjaldnar en loftlínur ef þeir eru reknir með skynsamlegum hætti. Að mati Landverndar verður að gefa sanngjarna mynd af báðum kostum, jarðstrengjum og loftlínunum, en það hefur ekki verið gert í þessari þingsályktunartillögu.

## I. Rannsóknir – vantar rannsóknir um áhrif á ferðaþjónustu og útivist

21. Landvernd tekur undir að stórauka þarf rannsóknir eins og lýst er í þingsályktunardrögum. Hins vegar þarf að gera ráð fyrir rannsóknum á áhrifum framkvæmda í flutningskerfi raforku á ferðaþjónustu og útivist. Í drögum að nýrri kerfisáætlun Landsnets vantar einmitt að kanna áhrif á ferðaþjónustu og það stóð umhverfismatinu fyrir þrifum. Nauðsynlegt er að bæta úr þessu.

## J. Evrópski landslagssáttmálinn

22. Stjórn Landverndar telur að þingsályktunartillagan verði að taka mið af ákvæðum evrópska landslagssáttmálans sem Ísland er aðili að, en þar er lögð áhersla á mikilvægi þess að styrkja áhrif einstaklinga, heimamanna á hverju svæði með þátttöku þeirra í skipulagsmálum auk þess sem stjórnvöld eru hvött til að huga að langtímamarkmiðum þegar ákvarðanir eru teknar sem snúa að breytingum á landslagi.

## K. HAGKVÆMAR OG ÞJÓÐHAGSLEGA HAGKVÆMAR FRAMKVÆMDIR Í RAFORKUFLUTNINGSKERFINU

1. Í 1. mgr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003 segir: „*Flutningsfyrirtækið skal byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku...*“ [leturbreytingar Landverndar]. Landsnet hefur ítrekað vitnað í þessa lagagrein því til stuðnings að fyrirtækinu sé ekki mögulegt að leggja raflínur

í jörð ef þær reynast óhagkvæmari kostur en loftlínur. Þingsályktunartillagan endurómar þetta. Í þessu samhengi, hinsvegar, hefur Landsnet ætíð kosið að líta framhjá ákvæðum í markmiðsgrein raforkulaga, grein nr. 1 í lögum 65/2003, þar sem segir:

*„Markmið laga þessara er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Í því skyni skal: 1. Skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna. 2. Stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku. 3. Tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda. 4. Stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og taka tillit til umhverfissjónarmiða að öðru leyti”. [leturbreytingar Landverndar].*

Það að „byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt“ (sbr. 1. mgr. 9. gr.) og að „stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi“ vísar ekki til þess að Landsneti sem flutningsfyrirtæki beri að miða hverja og eina framkvæmd við hagkvæma útkomu á debet og kredit reikningi fyrirtækisins, heldur tekur þetta orðalag til áhrifa raforkukerfisins á aðrar atvinnugreinar, þ.m.t. ferðaþjónustu og möguleika fólks til útivistar í heilnæmu og lítt röskuðu umhverfi, og að teknu tilliti til umhverfissjónarmiða og umhverfiskostnaðar sem hefur áhrif á þjóðhagslega hagkvæmni framkvæmda í raforkukerfinu. Af umræðunni að dæma virðist þetta hafa þvælst fyrir Landsneti og á grundvelli ofangreindrar 1. mgr. 9. gr. raforkulaganna hefur fyrirtækið skotið sér undan lagningu jarðstrengja á háu spennustigi þar sem þeir séu dýrari kostur en loftlína. Þetta er því jafnframt ein ástæða þess að fyrirtækið kallar eftir stefnu stjórnvalda um lagningu raflína í jörð. Að mati Landverndar getur fyrirtækið á grundvelli núverandi lagaumhverfis vel ákveðið að setja línur í jörð í þeim tilfellum þegar jarðstrengur er dýrari kostur, að teknu tilliti til þjóðhagslegrar hagkvæmni framkvæmdar. Landvernd telur mikilvægt að halda þessu til haga í umræðu um lagningu raflína í jörð.

## **L. NIÐURSTÖÐUR JARÐSTRENGJANEFNDAR OG ÁLIT ATVINNUVEGANEFNDAR HUNSUÐ**

23. Í inngangi að greinargerð á bls. 4-5 er réttilega greint frá þeim fjórum atriðum sem jarðstrengjanefnd náði samstöðu um. Hins vegar er rangt að frumvarp að breytingum á raforkulögum bregðist fyllilega við fyrstu tveimur atriðunum. Eins og rakið er í athugasemdum Landverndar við frumvarpið þá gerir frumvarpið ekki ráð fyrir að innleiða þriðju raforkutílskipun ESB, heldur lögfesta einungis lítinn hluta hennar. Þá er raunverulega valkostagreiningu ekki að finna eins og henni er lýst í niðurstöðum jarðstrengjanefndar, með aðkomu almennings, samtaka þeirra og annarra hagsmunaaðila s.s. sveitarélaga, að þróun kerfisáætlunar á fyrstu stigum meðan valkostir eru enn opnir og möguleiki er á að hafa raunveruleg áhrif. Það er því beinlínis rangt að halda því fram að frumvarpsdrögin bregðist við þessum fyrstu tveimur atriðum, þau hreinlega breyta þeim í grundvallaratriðum, eins og lýst er í athugasemdum Landverndar við frumvarpið. Þá er gróflega vikið frá meginniðurstöðum í þriðja atriðinu, um almenn viðmið, frá því sem er að finna í niðurstöðum jarðstrengjanefndar og því gengið gegn þeirri sátt sem þar náðist. Óvíst er hvers vegna ráðuneytið kýs að fara þessa leið, en ljóst er að það sætir undrun í stjórn Landverndar. Þá gengur þingsályktunartillagan einnig

gegn álitni atvinnuveganefndar Alþingis frá 1. apríl 2014, sem tók undir sameiginlega niðurstöðu jarðstrengjanefndar.

Virðingarfyllst,  
fyrir hönd Landverndar,

---

Guðmundur Ingi Guðbrandsson,  
framkvæmdastjóri Landverndar.